

**Nd.**

## **5. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1941 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi 1940.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta eignarskatt, álagðan 1941 samkvæmt lögum nr. 6 9. janúar 1935, með 10% viðauka. Þó skal ekki innheimta álag, sem nemur minna en 3 kr. hjá gjaldanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1941 að innheimta með 25% viðauka vitagjald, aukatekjur ríkissjóðs, þær sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921.

3. gr.

Viðaukinn sé reiknaður þannig, að hver gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast  $\frac{1}{2}$  eyrir og  $\frac{1}{2}$ % eða herra sem heill eyrir eða heilt prósent, en minna broti skal sleppt.

Gengisviðauki sá á aukatekjum ríkissjóðs og stimpilgjaldi, er um ræðir í þessari grein, tekur þó ekki til greiðslna fyrir embættisverk, sem framkvæmd eru, eða fyrir skjöl, sem gefin eru út vegna framkvæmdar á lögum nr. 78 19. júní 1933, um kreppulánasjóð.

Rísi ágreiningur um það, hvort reikna skuli gjaldið með 25% viðauka eða ekki, sker fjármálaráðuneytið úr.

4. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal til ársloka 1941 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 80% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómléikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1941.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Lög samhljóða þessu frumvarpi, að öðru leyti en því að þau gilda fyrir árið 1940, voru samþykkt á síðasta Alþingi og staðfest 12. júní 1939. Ekki er fyrirsjáanlegt annað en að framlengja verði þessi lög til ársloka 1941.